



Nefndasvið Alþingis
b/t atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. mars 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir, 310. mál

Samtök iðnaðarins (SI) vísa til tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir, 310. mál, sem er til umfjöllunar hjá atvinnuveganefnd Alþingis. Þó svo ekki hafi verið leitað formlegrar umsagnar SI um tillöguna óska samtökin eftir að koma á framfæri við nefndina athugasemdum hvað þetta mál varðar.

Eins fram kemur í umræddri tillögu, og áréttað er í greinargerð með henni, er tilgangur hennar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra og atvinnu- og nýsköpunarráðherra að endurskoða lög og reglugerðir er gilda um leyfisveitingar til uppsetningar smávirkjana með það að markmiði að einfalda regluverkið og umsóknarferli í tengslum við þær. Þá segir að tillagan er í samræmi við stjórnarsáttmála þar sem kemur fram að áttak verði gert í einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings.

SI hafa kynnt sér fyrirbyggjandi tillögu og taka samtökin undir mikilvægi þess að taka til skoðunar regluverk hvað smávirkjanir, sem og virkjanir almennt, varðar með það að leiðarljósi að einfalda regluverk þar sem slíkum breytingum verður komið við. SI taka ekki afstöðu til þess með hvaða hætti slíkri einföldun verði komið við eða við hvaða mörk uppsetts afls virkjana eigi að miða enda má ætla að nánari útfærslur komi til skoðunar að lokinni boðaðri úttekt.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni þá geta smávirkjanir þjónað mikilvægu hlutverki þegar kemur að raforkuöryggi á landinu. SI taka undir það sjónarmið og telja samtökin að uppbygging smávirkjana samhliða uppbyggingu í flutnings- og dreifikerfi raforku sé verulega mikilvægt öryggismál fyrir bæði almenning og atvinnulíf um land allt. Þannig geta smávirkjanir eftir raforkuöryggi á landsvísu samhliða styrkingu á dreifi- og flutningskerfi. Taka SI því undir það sjónarmið í greinargerðinni þar sem segir að með smávirkjunum er hægt að styrkja raforkuframleiðslu í einstökum landshlutum og byggja upp smærri atvinnustarfsemi á þeim svæðum.

Að gefnu tilefni benda SI á að eitt þeirra áhersluatriða sem fram koma í raforkustefnu samtakanna er að hér á landi verði sköpuð skilyrði til að auka samkeppni meðal raforkuframleiðenda sem þýðir að minnka þarf hlutdeild þess fyrirtækis sem er með yfir 70% markaðshlutdeild. Kemur fram í stefnunni að frjáls samkeppni er öflugasta tæki til að draga fram það besta og hagkvæmasta í allri atvinnustarfsemi. Þannig er hag kaupenda og seljenda best borgið og ábati samfélagsins hámarkaður. Þess vegna er skynsamlegt að leita allra leiða við að koma á og styðja við samkeppni þar sem henni verður komið við. Að mati SI er því mikilvægt að fjarlægja þær aðgangshindranir sem standa í vegi fyrir innkomu nýrra aðila á raforkumarkað, þ.m.t. á sviði raforkuframleiðslu.

Þá vekja SI einnig athygli á skýrslu samtakanna um héraðslendan raforkumarkað, þ.e. *Íslensk raforka - Avinningur og samkeppnishæfni*, sem samtökin kynntu sl. haust samhliða ráðstefnu sama efnis. Umrædda skýrslu má nálgast á eftirfarandi vefslóð: <https://www.si.is/upplýsingar-og-utgafa/skyrslur-og-rit/islensk-raforka-avinningur-og-samkeppnishaefti>. Í skýrslunni koma fram tillögur SI um úrbætur á innlendum raforkumarkaði og er ein þeirra tillagna að skapa skilyrði fyrir virkri samkeppni á raforkumarkaði með skýrum leikreglum og virku eftirliti.



Í ljósi framanritaðs telja SI að markmið þeirrar tillögu sem hér er til umfjöllunar að mörgu leyti í samræmi við áherslur samtakanna á sviði raforkumála. Því styðja SI þá tillögu og telja mikilvægt að sú tillaga hljóti brautargengi á Alþingi.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við atvinnuveganefnd Alþingis. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson
Viðskiptastjóri